



Hæfnitákn 1.-7.bekkur	
Framúrskarandi hæfni	Skilningur og færni umfram hæfniviðmið. Nemandi hefur fengið framúrskarandi hæfni í öllum þeim hæfniviðmiðum sem hafa verið til grundvallar eða faglegt mat kennarans er að hann hafi náð framúrskarandi hæfni Nemandi sýnir fram á hæfni og skilning í mismunandi og fjölbreyttum verkefnum. Engin frávik við vinnu nemandans.
Hæfni náð	Nemandinn hefur náð að sýna fram á góða hæfni og þekkingu tengdu hæfniviðmiði og nýtt hana í mismunandi verkefnum . Nemandi hefur fengið hæfni náð í öllum þeim hæfniviðmiðum sem hafa verið til grundvallar þegar hæfnieinkunn eða lokaeinkunn er gefin eða faglegt mat kennarans er að hann hafi náð hæfni náð . Fá eða engin frávik frá vinnu nemandans.
Á góðri leið	Nemandinn er á góðri leið við að ná hæfniviðmiði. Nemandi hefur fengið hæfni náð í nokkrum hæfniviðmiðum en á góðri leið að ná hæfni í mörgum eða flestum hæfniviðmiðum sem hafa verið til grundvallar þegar hæfnieinkunn eða lokaeinkunn er gefin eða faglegt mat kennarans er að hann hafi náð á góðri leið að ná hæfni . Fá frávik í vinnu nemandans en fleiri ef flóknari þættir í hæfniviðmiði eru tekin fyrir.
Þarfnast þjálfunar	Þarf aukna þjálfun til að ná hæfniviðmiði. Nemandi hefur fengið á góðri leið að ná hæfni í nokkrum hæfniviðmiðum en þarfnast þjálfunar í mörgum eða flestum hæfniviðmiðum sem hafa verið til grundvallar þegar hæfnieinkunn eða lokaeinkunn er gefin eða faglegt mat kennarans er að hann hafi náð þarfnast þjálfunar . Með aðstoð er skilningur til staðar.
Hæfni ekki náð	Hæfni og þekkingu er ábótavant til að ná hæfniviðmiði eða faglegt mat kennarans er að hann hafi fengið hæfni ekki náð . Á einnig við ef nemandi var ekki í skólanum þegar vinna við hæfniviðmið fór fram eða skilaði ekki vinnuframlagi.

